

REGLUR

um breyting á reglum nr. 229 30. apríl 1981, um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla sem skrásett eru erlendis, sbr. reglur nr. 548 2. september 1982.

1. gr.

Í stað 2% í 1. másl. og 6% í 2. másl. 5. gr. regnanna komi 0,7% og 2,1%.

2. gr.

Við reglurnar bætist ný grein, er verði 11. gr., jafnframt því sem röð annarra greina breytist til samræmis. Greinin orðist svo:

Reglur þessar skulu gilda eftir því sem við getur átt um bifreiðar sem keyptar eru hér á landi og skráðar samkvæmt reglum nr. 246/1975, þar á meðal gjaldtaka skv. 1. mgr. 5. gr.

3. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 1., sbr. 2. mgr. 10. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., og lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglur nr. 114 16. febrúar 1984 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 17. október 1986.

F. h. r.

Sigurgeir A. Jónsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

9. október 1986

Nr. 437

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðlaugar Bjargar Pálsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. október 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðlaugar Bjargar Pálsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðlaugar Bjargar Pálsdóttur. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins og markmið er að styrkja Kór Langholtskirkju, nnr. 5687-1012, til tónleikahalds í Langholtskirkju. Undir þetta markmið sjóðsins fellur m. a. árlegur flutningur á kantötu eða messu í almennri guðsþjónustu í Langholtskirkju svo og námskeiðahald.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 700 000,00 —sjöhundruðþúsund—, sem lagt er til af stofnendum sjóðsins, hjónunum Páli Pálssyni, skipstjóra og Ólöfu Karvelsdóttur, Bræðratungu 30, Kópavogi. Sjóðinn ber að ávaxta í vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum eða með öðrum jafntryggjum hætti. Stofnfé má ekki skerða með fjárframlögum úr sjóðnum.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður af stofnfé og öðru fé og eignum, sem sjóðnum kann að áskotnast svo sem gjafafé. Stjórn sjóðsins getur ákveðið, að hluti árlegra tekna hans leggist við stofnfé skv. 3. gr. Öðrum tekjum sjóðsins ver stjórnin til styrkja skv. 2. gr.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn til 5 ára í senn. Fyrstu stjórnarmennirnir skulu tilnefndir af stofnendum sjóðsins. Stjórnarmenn ganga úr stjórn á 5 ára fresti, þó þannig að úr hinni fyrstu stjórn sjóðsins gengur 1 úr stjórn eftir 5 ár, næsti eftir 10 ár og hinn 3 eftir 15 ár samkvæmt hlutkesti, en hverju sinni, sem stjórnarmaður gengur úr stjórn, skulu þeir, sem eftir sitja í stjórninni tilnefna stjórnanda í hans stað.

Stjórnarmenn, sem ganga úr stjórn sjóðsins má endurtilnefna. Greini stjórnarmenn á um tilnefningu stjórnarmanns eða stjórnin er einhverra hluta vegna ekki fullskipuð skal dómsmálaráðuneytið tilnefna stjórnarmann.

Það er ósk stofnenda, að við skipti á stjórnarmönnum sé að því stefnt, að stjórnandi Langholtskórs sitji í stjórn, einn tilnefndur í samráði við stjórn kórsins og einn sé úr hópi niðja stofnenda eða venslamanna þeirra.

Stjórn sjóðsins kys formann sjóðsstjórnar og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Sjóðsstjórn skal halda fundargerðarbók, þar sem bóka skal allar ákvarðanir stjórnar varðandi sjóðinn, svo sem styrkveitingar, hversu hárrí fjárhæð þær nema o. s. frv. Einfaldur meirihluti stjórnar ræður ákvörðunum innan stjórnarinnar. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

6. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega. Skal reikningsskilum lokið fyrir 1. júlí næsta ár á eftir reikningsári. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Slíkar breytingar skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytisins.

Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi, nema stjórnin sé einhuga um hana. Aldrei má breyta ákvæðum 2. gr. um markmið sjóðsins né heldur ákvæðum 8. gr. um ráðstöfun á eignum sjóðsins við sjóðsslit.

8. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Félags íslenskra sjúkrapjálfara.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.